



USK24010019

Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Ár 2024, mánudaginn 30. september kl. 15.45 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 24. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 3. hæð, Hamrar. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir og Bjarni Rúnar Ingvarsson. Fundarritari var Natan Freyr Guðmundsson.

Þetta gerðist:

1. Skúlagata – stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Skúlagötu 10 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

2. Sólvallagata – bann við lagningu ökutækja

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að óheimilt verði að leggja ökutæki í austurkanti Sólvallagötu frá gatnamótum við Framnesveg í 15 metra til norðurs.
- Að óheimilt verði að leggja ökutæki í austurkanti Sólvallagötu, í 10 metra áður en komið er að gatnamótum Sólvallargötu og Ánanaustar.

Ofangreind ráðstöfun verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt



Reykjavík



3. Seljavegur – stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Seljaveg næst gatnamótum að Nýlendugötu verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 15.55
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Bjarni Rúnar Ingvarsson



Viðtakandi: Samgöngustjóri
Sendandi: Deild samgangna

Reykjavík, 27. september 2024
USK24010001

TILLAGA

Skúlagata 10 – sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Skúlagötu 10 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Lagt er til að eitt stæði við Skúlagötu 10 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða. Ekki eru mörg stæði fyrir hreyfihamlaða í næsta nágrenni. Stæði fyrir hreyfihamlaða á þessum stað mun bæta aðgengi að svæðinu hvort sem það er fyrir íbúa eða aðra sem heimsækja svæðið.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri staðsetningu stæðisins



Reykjavík



Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri staðsetningu stæðisins



Viðtakandi: Samgöngustjóri
Sendandi: Deild samgangna

Reykjavík, 27. september 2024
USK24010001

TILLAGA

Tillaga um bann við lagningu ökutækja í Sólvallagötu

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að óheimilt verði að leggja ökutæki í austurkanti Sólvallagötu frá gatnamótum við Framnesveg í 15 metra til norðurs.
- Að óheimilt verði að leggja ökutæki í austurkanti Sólvallagötu, í 10 metra áður en komið er að gatnamótum Sólvallargötu og Ánanaustar.

Ofangreind ráðstöfun verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024.

Greinargerð:

Á flestum götum í Gamla Vesturbænum hefur verið sett á bann við akstri hópbifreiða og annarra bifreiða yfir 8m. Í tengslum við skólaakstur hefur þó verið útbúið stæði fyrir hópbifreiðar norðan við Vesturbæjarskóla og tók hönnun akstursbannsvæðisins mið af akstri skólabifreiða á svæðinu. Þannig eiga skólarútur að aka Sólvallagötu til norðurs frá Framnesvegi og inn á Ánanaust. Það hefur hins vegar borið á því að ökutækjum sé lagt það nærri báðum gatnamótum, þ.e. á Sólvallagötu við Framnesveg og á Sólvallagötu við Ánanaust, að það tryggir ekki akstursferil skólarútna. Er því talið nauðsynlegt að banna lagningu ökutækja á þessum stöðum.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd með fyrirhuguðum umferðarmerkjum



Yfirlitsmynd með fyrirhuguðum umferðarmerkjum



Viðtakandi: Samgöngustjóri
Sendandi: Deild samgangna

Reykjavík, 30. september 2024
USK24010001

TILLAGA

Seljavegur – sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Seljaveg næst gatnamótum að Nýlendugötu verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Í tengslum við uppbyggingu á Héðinsreit er talin þörf á að merkja stæði fyrir hreyfihamlaða við Seljaveg. Í grennd fyrirhugaðs stæði má finna ýmsa þjónustu, þ.m.t. hótél. Sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaða myndi því bæta aðgengi að svæðinu.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Teikning af fyrirhuguðu stæði fyrir hreyfihamlaða



Reykjavík

